

um frumvarp til laga um verzlunarbækur (þskj. 340).

Vér undirskrifaðir, sem háttv. efri deild kaus til þess að ihuga ofannefnt frumvarp, höfum rætt það með oss á nokkrum fundum og orðið á einu máli um að frumvarp þetta sé nauðsynlegt, þar sem álitamál er um hvort verzlanir nú á tímum eru skyldar að halda nokkrar verzlunarbækur, og þó svo væri (samanb. Tilsk. frá 13. júní 1787, kap. II), þá eru þau lagaákvæði fallin í gleymsku, enda ópraktisk orðin og á eftir tímanum.

Nefndin hefir þó eigi að öllu leyti getað fallist á frumvarpið og leggur því til að gjörðar séu á því nokkrar breytingar. Hin helzta þeirra er sú, að gera eigi kaupmönnum að skyldu að láta löggilda frumbókina. Við margar verzlanir hér á landi er sú regla við höfð nú, að hafa frumbókina svo útbúna, að hvert blað hafi viðfest samritsblað þannig, að það, sem skrifað er á fremra blaðið, kemur fram á aftara helmingi blaðsins í samriti. Frumritið er þá auðvelt að rífa frá og afhenda viðskiftavin. Þetta fyrirkomulag álitur nefndin hið ákjósanlegasta og tryggilegasta fyrir því að ekki misritist, gleymist eða aflagist á neinn hátt það, sem um er samið, þegar bókfærð viðskifti eiga sér stað, að því viðbættu að verð á vörinni, sem seld er eða keypt, sé strax sett við í frumbókina og samritið, eða ef ekki er hægt að ákveða það strax, þá það, sem um það kann að vera samið. Með þessu móti er bezt komið í veg fyrir deilur, er oft eiga sér stað manna á meðal, útaf viðskiftum og verðlagi, er ýmist gleymist viðskiftamönnum, eða jafnvel hefir verið þeim hulið þegar kaup voru gerð. Löggilding frumbókarinnar útaf fyrir sig álitur nefndin hvorki nauðsynlega né gefa þá trygging, sem til er ætlast fyrir því, að viðskifti manna séu rétt skráð. Gæti miklu fremur oft orðið að skæðu vopni í höndum miður hlutvandra manna gagnvart viðskiftavinum, er má ske aldrei hefðu haft fulla hugmynd um verðlag m. m., er þar hefði verið skráð, en hefði þó fult sönnunargildi, jafnvel eftir 3 missiri.

Þá vill nefndin breyta ákvæðum 8. gr. að því er snertir hinn ákveðna tíma, sem frumbókinni er ætlað að hafa fult sönnunargildi. Í frumvarpinu er þessi frestur settur mismunandi eftir því hvenær á árinu að skuldin hefir myndast, og er vist meint með því, að viðskifti manna séu ekki gerð upp eða reikningur (skiftavina) ekki afskrifaður nema einu sinni á ári. En því fer fjarri að því er flest verzlunarviðskifti snertir nú orðið. Enda hefir hver skiftavinur ætíð fulla vissu um viðskifti sín samkvæmt þeim breytingum, er nefndin stingur upp á að gerðar séu á 2. gr. og leiðir því aftur þar af, að fyr áminstur frestur eigi ætíð að vera jafn langur, og telur hæfilegt að hann sé í lengsta lagi ákveðinn 1 ár frá því, er skuldin varð til.

Aftan við frumvarpið vill nefndin bæta nýrri grein til þess að nema úr gildi 17. og 18. gr. í tilskipun frá 13. júní 1787 um viðskiftabækur (Kontrabækur), með því að þær virðast með öllu óþarfar, ef frumvarpið nær fram að ganga ásamt breytingum þeim, sem nefndin stingur upp á, enda hefir og reynzlan sýnt að þær hafa á síðari árum verið lítið notaðar, sökum þess að örðugt er að halda þeim í því lagi sem til er ætlast.

#### Breytingartillögur.

Við 2. gr.

1. Útlendu orðin innan sviga — (Prima, Nota, o. s. frv.) — falli burt.
2. Í stað orðanna — »og skal sú bók vera gegnumdregin, —« til enda greinarinnar, komi: Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og mótttekið vöruna er hún

var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð látið skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

Við 4. gr.

3. Orðið refsing í fyrstu línu þessarar greinar falli burt.

Við 5. gr.

4. Í stað orðsins »löggiltar« í fyrstu línu greinarinnar komi: lögskipaðar.

Við 7. gr.

5. A eftir orðinu »fangelsi« komi: við vatn og brauð.

Við 8. gr.

6. Fyrri hluti greinarinnar orðist svo: Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, o. s. frv.

7. Niðurlag greinarinnar (síðustu málsgreinar) »er bækur beggja eru löggiltar, þær er innfærslurnar eru í« falli burt.

8. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, svo hljóðandi: Tilskipun frá 13. júní 1787 II. kapituli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

Efri deild alþingis 7. apríl 1909.

J. Havsteen, Aug. Flygenring, Gunnar Ólafsson.  
formaður. skrifari og framsögumaður.

Ari Jónsson. Sigurður Stefánsson.